



# **Lokaskýrsla sjálfsmats**

## **Skólaárið 2011-2012**

Gunnhildur Harðardóttir

Helena Katrín Hjaltadóttir

**Efnisyfirlit**

Starfstími skólans .....	3
Nemendafjöldi.....	3
Starfsmannahald .....	3
Stjórnendur: .....	3
Kennarar: .....	4
Starfsmenn leikskóladeilda: .....	4
Aðrir starfsmenn: .....	4
Mat á skólastarfi - sjálfsmat .....	4
Foreldrakönnun .....	5
Nemendakönnun.....	8

**Starfstími skólans**

Skólastarf hófst 15. ágúst með starfsdögum. Skólasetning var síðan mánudaginn 23. ágúst. Skóla var slitið 7. júní.

**Nemendafjöldi**

Skólaárið 2011-2012 var nemendafjöldi skólans og skipting í bekkjardeildir eftirfarandi:

Leikskóladeild 45?? nemendur

1. bekkur 59 nemendur (3 bekkjardeildir)
2. bekkur 74 nemendur (4 bekkjardeildir)
3. bekkur 68 nemendur (3 bekkjardeildir)
4. bekkur 86 nemendur (4 bekkjardeildir)
5. bekkur 60 nemendur (3 bekkjardeildir)
6. bekkur 85 nemendur (4 bekkjardeildir)
7. bekkur 70 nemendur (3 bekkjardeildir)
8. bekkur 64 nemendur (3 bekkjardeildir)
9. bekkur 61 nemendur (3 bekkjardeildir)
10. bekkur 52 nemendur (2 bekkjardeildir)

Nemendur voru samtals að vori 2011 ????

**Starfsmannahald**

Heildarfjöldi starfsmanna

**Stjórnendur:**

Skólastjóri Jóhanna Magnúsdóttir

Deildarstjóri miðstigs og staðgengill skólastjóra Ásta Steina Jónsdóttir

Deildarstjóri yngsta stigs Sesselja Gunnarsdóttir

Deildarstjóri elsta stigs Helena Katrín Hjaltadóttir

Deildarstjóri sérkennslu og mats Gunnhildur Harðardóttir

Aðstoðarleikskólastjóri Arna María Smáradóttir

Forstöðumaður Frístundasels Ágústa Rósa Andrésdóttir

**Kennarar:**

Kennarar voru 53 talsins í mismunandi stöðugildum auk sex sérkennara.

**Starfsmenn leikskóladeilda:**

Leikskólakennarar voru tveir og stöðugildi þeirra 1,6. Aðrir starfsmenn voru fjórir og stöðugildi þeirra 3,6.

**Aðrir starfsmenn:**

Einn húsvörður

Tveir skólaritarar

Einn náms- og starfsráðgjafi

Tveir þroskaþjálfar

Þrettán stuðningsfulltrúar

Tveir matráðar

Sjö skólaliðar og starfsmenn í ræstingu

Sjö starfsmenn í frístundaseli auk forstöðumanns

Einn náms- og starfsráðgjafi

**Mat á skólastarfi - sjálfsmat**

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum landsins að marka sér stefnu í innra mati og framkvæma samkvæmt því. Tilgangur sjálfsmats er að meta helstu þætti skólastarfsins kerfisbundið, kanna veikar og sterkar hliðar þess og finna leiðir til að bæta starfið. Sjálfsmat gerir skólum kleift að vinna að úrbótum til að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skal vera margþætt og skólastarfið skoðast frá ólíkum hliðum. Í Lágafellsskóla hefur sjálfsmat verið byggt á nokkrum þáttum. Viðhorfakannanir hafa verið lagðar fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur, eineltiskönnun hefur verið lögð fyrir nemendur, unnið hefur verið með Gæðagreini, How good is our school. Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar hefur einnig lagt fyrir vinnustaðagreiningu og stjórnendamati og er úrvinnsla þeirra gagna í höndum mannauðsstjóra bæjarins. Starfsmenn Lágafellsskóla hafa unnið að gerð úrbótaáætlana út frá ofangreindum könnunum að undanskyldu stjórnendamati.

Sjálfsmatsáætlun skólans gildir til fimm ára.

## Foreldrakönnun

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey og var hann byggður á spurningalista síðasta árs. Kallaðir voru til kennarar af öllum stigum til að lesa yfir og gefa ábendingar til útbóta. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. – 10. bekk í tölvupósti í maí. Póstur var sendur á alla foreldra og þeir beðnir að ákveða hvort foreldrið myndi svara könnuninni. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörun barst frá tæplega 72% foreldra sem er aukning um rúmlega 21% frá síðasta ári. Mæður svöruðu í 77,9% tilfella og feður í 21,5% tilfella og hefur svörun feðra aukist um 6% á milli ára. Best var svörun foreldra í 6. árgangi þar sem rúmlega 80% foreldra tóku þátt. Vert er að taka fram að á bak við svörun hverrar spurningar geta legið mismörg svör þar sem hluti svarenda lauk ekki við að svara könnuninni.

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans er gengið út frá því að foreldrakönnun sé lögð fyrir foreldra nemenda í 4. 7. og 10. bekk árlega. Í ár sem og síðasta ár var ákveðið að leggja könnunina fyrir alla foreldra nemenda 1.-10. bekkjar með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir hug foreldra hvað skólastarfið varðar. Könnun með sambærilegum spurningum var lögð fyrir nemendur. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar spurningum, koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru settar viðmiðanir varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í foreldrakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð. Niðurstöður foreldrakönnunar leiddu í ljós að rúmlega 87% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju foreldra er 80% og eru niðurstöður sambærilegar við fyrra skólaár. Rúmlega 80% foreldra telja að barni sínu líði mjög vel eða vel í skólanum en sú tala er 3% lægri en niðurstöður foreldrakönnunar á síðasta skólaári sýndu. Það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun skólans og lítur að góðri eða mjög góðri líðan nemenda er 90% og eru niðurstöður því tæplega 10% undir viðmiðum. Foreldravika var haldin í skólanum á þemadögum í lok marsmánaðar og komu 63% foreldra í heimsókn þá vikuna. Það viðmið sem sett var í starfsáætlun, varðandi heimsóknir foreldra í foreldraviku, var 60%. Þegar spurt var hvernig foreldrar teldu að samskipti milli barnsins síns og starfsfólks væri í skólanum svöruðu tæplega 90% því til að þau séu mjög góð eða góð. Að sama skapi telja rúmlega 89% að samskipti við umsjónarkennara séu mjög góð eða góð og eru þær niðurstöður sambærilegar milli ára. Í ár var í fyrsta sinn spurt um viðhorf foreldra til núverandi umsjónarkennara barns síns og svöruðu rúmlega 88% því til að viðhorf þeirra væri mjög jákvætt eða jákvætt. Í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið var viðmiðið sem sett var varðandi ánægju með samstarf

heimilis og skóla 80%. Í starfsáætlun var sett viðmið varðandi aðgengi að starfsmönnum skólans í gegnum tölvupóst þar sem svörun skyldi ekki taka lengri tíma en tvo daga. Viðmiðið var 70% en niðurstöður foreldrakönnunar sýna að af þeim sem hafa þurft að ná sambandi við starfsfólk skólans í gegnum tölvupóst hafa 90% fengið svar innan tveggja daga og er viðmiðinu því náð. Af þeim foreldrum sem tóku afstöðu, voru 75% mjög sammála eða sammála því að raddir allra fengju að heyrast í Lágafellsskóla. Viðmiðið sem sett var varðandi hvort hlustað væri á skoðanir allra og virðing borin fyrir þeim var 80% og eru niðurstöður því 5% undir viðmiðum.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu að Leiðsagnarmatið gæfi þeim betri upplýsingar um stöðu barns síns. Niðurstöður sýndu að rúmlega 58% töldu svo vera og voru þær sambærilegar milli stiga.

Tæplega 73% foreldra telja að námsþörfum barns síns sé mjög vel eða vel sinnt en tæplega 20% telja að þeim sé sæmilega sinnt. Tæplega 48% foreldra hafa ekki nýtt sér stoðþjónustu skólans en 94% þeirra sem hafa nýtt sér stoðþjónustuna eru mjög ánægðir eða ánægðir með hana.

Niðurstöðurnar gáfu einnig mikilvægar upplýsingar varðandi margt sem betur má fara. Foreldrar voru spurðir hversu mikil þeim þætti heimavinna barns síns og kom í ljós að tæplega 17% foreldra telja heimanám of mikið eða mikið og eru það sambærilegar tölur frá síðasta skólaári. Hæst hlutfall foreldra sem þótti heimanám vera of mikið eða mikið var meðal foreldra nemenda á unglíngastigi eða tæplega 32% og er það aukning um 3,5% milli ára. Þegar spurt var hversu mikla aðstoð barnið þyrfti við heimanám sitt þá sýndu niðurstöður að rúmlega 24% foreldra töldu að barn sitt þyrfti mjög mikla eða mikla aðstoð. Hæst hlutfall foreldra sem töldu að svo væri voru foreldrar nemenda á yngsta en þeir voru tæplega 27% og er það aukning um 17% milli ára. Tæplega 24% foreldra nemenda á miðstigi töldu barn sitt þurfa mikla eða mjög mikla aðstoð og hefur sú tala lækkað um 8% frá síðasta ári. Rúmlega 13% foreldra nemenda á unglíngastigi svöruðu því til að barn þeirra þyrfti mjög mikla eða mikla aðstoð og er sú tala sambærileg frá fyrra ári. Aukningin sem orðið hefur á yngsta stigi er athygliverð og mikilvægt að skoða hvað veldur.

Þar sem Lágafellsskóla vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar var skoðað sérstaklega hversu vel foreldrar eru kunnugir efni hennar og hversu sýnileg þeim þykir hún í skólastarfinu. Tæplega 76% foreldra telja sig þekkja efni stefnunnar mjög lítið eða lítið og hefur sú tala hækkað um 30% á milli ára. Rúmlega 39% telja stefnuna lítið sýnilega í skólastarfinu og tæplega 49% hafa ekki myndað sér skoðun á því. Viðmið sem sett var í

starfsáætlun skólans og miðar að því hversu vel foreldrar þekkja til Uppbyggingastefnunnar og þykja hún sýnileg í skólastarfinu, er 80% og er raunin því langt undir viðmiðum. Ljóst er að endurskoða þarf þær áherslur sem uppbyggingateymi setur sér og taka þarf inn hnitmiðaða fræðslu stefnunnar fyrir foreldra og finna leiðir til að gera stefnuna sýnilegri í skólastarfinu.

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn í skólanum vera kom í ljós að tæplega 49% foreldra segjast vera sáttir við agamál í skólanum en samkvæmt niðurstöðum síðasta árs var hlutfall foreldra þá tæplega 35%. Rúmlega 14% fannst aginn vera of lítill eða lítill en sú tala hefur lækkað um 18% frá fyrra ári. Tæplega 27% telja sig ekki vita nóg um agamál til að taka afstöðu til spurningarinnar. Niðurstöðurnar sýna að mikið hefur unnist varðandi agamál í skólanum á skólaárinu.

Kannaður var hugur foreldra til mötuneytis skólans og kom fram að 54% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með mötuneytið sem er sambærileg tala við niðurstöður foreldrakönnunar sem unnin var á síðasta skólaári. Síst ánægðir eru foreldrar nemenda á miðstigi eða rúmlega 41% og ánægðastir eru foreldra nemenda á yngsta stigi. Athyglivert er að svo virðist sem aukning hafi orðið milli ára meðal nemenda á unglingsstigi sem skráðir eru í mötuneyti.

Fram kom, þegar spurt var hvort skóladagur barns væri heildstæður að tæplega 51% foreldra á miðstigi telja að svo sé ekki og það hlutfall langt undir þeim viðmiðum sem sett voru í starfsáætlun skólaársins (90%). Athygli vekur að tæplega 11% foreldra í 4.-10. bekk svöruðu því til að barn þeirra væri ekki í tómsundum.

Í opnum svörum kom fram, líkt og í foreldrakönnun síðasta skólaárs, ósk frá foreldrum um að boðið væri upp á foreldraviðtöl án barna. Margir foreldrar vildu koma á framfæri hrósi og þakklæti til starfsfólks skólans fyrir fagleg og góð vinnubrögð. Fram komu ábendingar um hávaða í mötuneyti svo og að bæta mætti gæði þeirrar matvöru sem boðið er uppá. Einnig kom fram að taka þyrfti betur á eineltismálum. Nokkuð var rætt um heimanám og kom meðal annars fram að skoða þyrfti tengingu heimanáms við þá vinnu sem fram fer í skóla. Einnig að einstaklingsmiða þurfi heimanám nemenda þar sem ekki henti það sama öllum. Margar jákvæðar athugasemdir bárust um starfssemi frístundasels sem mörgum þykir hafa bætt þjónustu sína í vetur.

Úrbótaáætlun foreldrakönnunar verður unnin af starfsmönnum skólans á haustdögum 2012.

## Nemendakönnun

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í Lágafellsskóla í maí 2012. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey og voru spurningarnar byggðar á spurningum síðasta skólaárs til að hægt væri að bera niðurstöður saman milli ára. Áður en könnunin var lögð fyrir voru kallaðir til rýnihópar nemenda og kennara sem lásu yfir og gáfu gagnlegar ábendingar um það sem betur mætti fara. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 4.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 473 nemendur. Svarendur voru 461 eða 97,5%. Könnunin inniheldur 40 spurningar og þar af eru fimm opnar spurningar. Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda eftir árgöngum. Víða eru niðurstöður flokkaðar eftir stigum og á miðstig þá við nemendur í 4.-7. bekk og elsta stig á við nemendur í 8.-10. bekk.

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans er gengið út frá því að nemendakönnun sé lögð fyrir nemendur 4. 7. og 10. bekkjar árlega. Í ár, sem og síðasta ár, var ákveðið að leggja könnunina fyrir alla nemendur 4.-10. bekkjar. Var það gert með það að markmiði að öðlast betri yfirsýn yfir skoðanir nemenda og upplifanir af skólastarfinu. Könnun með sambærilegum spurningum hafa verið lagðar fyrir foreldra. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru settar viðmiðanir varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í nemendakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð. Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar líða tæplega 82% nemenda mjög vel eða vel í skólanum og er það 8% undir viðmiði starfsáætlunar. Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að tæplega 81% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og lítur að ánægju nemenda er 80%. Um 55% nemenda telja að hlustað sé á skoðanir þeirra í skólanum en það hlutfall er langt undir viðmiði starfsáætlunar sem er 80%. Lágafellsskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar og kannað var hversu vel nemendur þekkja til stefnunnar. Í ljós kom að rúmlega 73% þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar en það er 7% undir settum viðmiðum.

Fram kom að tæplega 71% nemenda eru stundum kvíðnir fyrir próf og tæplega 8% alltaf. Áhugvert er að þrátt fyrir þessar tölur segjast rúmlega 64% ekki hafa þurft á aðstoð námsráðgjafa að halda. Námsráðgjafi er sá aðili innan skólans sem nemendur ættu helst að



leita til ef um prófkvíða er að ræða og má því draga þá ályktun að kynna þurfi starf námsráðgjafa betur fyrir nemendum.

Tæplega 84% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð sem er mjög jákvætt þar sem umsjónarkennari er sá aðili innan skólans sem stendur næst hverjum nemanda og mikilvægt að traust ríki þar á milli. Einnig er mikil ánægja með foreldraviðtöl en tæplega 73% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með þau. Í ljós kom að nemendur telja sig hafa greiðan aðgang að stjórnendum og stoðkerfi skólans en rúmlega helmingur nemenda hefur þó aldrei þurft að leita til stjórnenda.

Í könnuninni kom fram að 45% nemenda töldu sér vera mjög oft eða oft hrósað og rúmlega 33% stundum. Rúmlega 22% nemenda telja að sér sé sjaldan eða aldrei hrósað af kennurum fyrir vel unnin verk í skólanum. Áhugavert er að velta fyrir sér þessum niðurstöðum og því hvort huga þurfi sérstaklega að því að næstum einn af hverjum fjórum nemendum upplifi það að finnst sér sjaldan eða aldrei hrósað fyrir vel unnin verk.

Niðurstöður sýna að aðeins tæplega helmingur nemenda þykir námið í skólanum alltaf eða oft skemmtilegt. Um 25% nemenda á unglíngastigi þykir námið sjaldan eða aldrei skemmtilegt og 12% nemenda á miðstigi. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og vert verkefni að skoða hvernig megi bæta úr.

Nemendur telja heimavinnu of mikla og á það sérstaklega við um nemendur á unglíngastigi. Í opnum svörum kom fram að nemendum þykir verkefnaskil og próf raðast á sömu vikur. Mikilvægt er að huga að álagstímum og er samvinna milli kennara þar nauðsynleg.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig vinnufriður væri í kennslustundum sýndu niðurstöður að rúmlega 43% nemenda þykir vinnufriður mjög góður eða góður og fannst nemendum á unglíngastigi betri vinnufriður en nemendum á miðstigi. Rúmlega 35% svöruðu því til að hann væri hvorki góður né slæmur og rúmlega 21% að hann væri slæmur eða mjög slæmur. Athygli vekur að aðeins tæplega helmingur nemenda telur vinnufriðinn góðan eða mjög góðan og þyrfti að huga sérstaklega að því á komandi skólaári.

Fram kom að rúmlega 56% nemenda telja að hlustað sé á þeirra skoðanir varðandi skólastarfið hefur það hlutfall lækkað um 9% á milli ára. Vert er að kanna hvort endurskoða megi hugmyndir um nemendalýðræði í skólastarfinu og huga að því að virkja nemendur í ákvarðanatöku í ákveðnum þáttum starfsins.

Úrbótaáætlun nemendakönnunar verður unnin af starfsmönnum skólans á haustdögum 2012.